

Reykjalundur endurhæfing ehf.

55. fundur stjórnar þriðjudaginn 5. nóvember 2024 kl. 8:15-9:45 í Borðstofu iðjupjálfa.

Boðaðir eru: Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir (GBS), Gunnar Ármannsson (GÁ), Aldís Stefánsdóttir (AS), Arna Harðardóttir (AH) varamaður og Pétur Magnússon (PM), forstjóri. Fundarritari er Arna Harðardóttir.

Dagskrá

1. Fundargerðir

Fundargerðir nr. 53 (16.09.24) og nr. 54 (14.10.24) samþykktar og undirritaðar

2. Erindisbréf stjórnar Reykjalundar endurhæfingar ehf.

Farið yfir athugasemdir stjórnar við texta erindisbréfs. GBS sendir á formann SÍBS efir stjórnarfundinn.

3. Skýrsla um helstu atriði í starfseminni, kynning frá forstjóra.

PM fer yfir stöðuna á Miðgarði. Nýting á legurými deildarinnar hefur verið góð á þessu ári. Áætlað að hægt sé að fjölga rúnum í Miðgarði um 3 til 6 rúm.

Miðgarður yrði hagkvæmari í rekstri með fleiri leguplássum. Haft var samband við heilbrigðisráðuneytið og Landspítala um að taka við sjúklingum frá Landspítala. Tekið var vel í þær hugmyndir.

Þjónustusamningur við SÍ ræddur.

Fjármálastjórin hefur sagt upp. Huga þarf að ráðningu eftirmanns.

Verkefnastjóri fyrir CARF-gæðavottunarkerfið og innleiðingu þess komin til starfa og verkefnið komið vel af stað.

4. Húsnæðismál

Á fundi stjórnar Reykjalundar ehf með stjórn SÍBS í síðustu viku kom skýrt fram að það er vilji SÍBS að leiga færانlegar skrifstofueiningar. PM segir frá viðræðum við heilbrigðisráðuneytið um leigu á færانlegum skrifstofueiningum og útfærslu á því. Stjórn samþykkir að PM fái tilboð í leigu á færانlegum skrifstofueiningum til næstu 5 ára.

Mikilvægt að gera framkvæmdaáætlun með skammtíma og langtímmamarkmiðum um framkvæmdir á húsnæði Reykjalundar.

Stjórn leggur til að framkvæmdastjórn Reykjalundar ehf stofni rýnihóp um framtíðarsýn og þarfagreiningu endurhæfingar á Reykjalundi sem fyrst. Einnig að tillögum frá rýnhópnum verði skilað til stjórnar í janúar 2025.

Stjórn leggur áherslu á stofnun stýrihóps um nýframkvæmdir Reykjalundar. GBS og PM koma með tillögur fyrir hönd stjórnar Reykjalundar ehf og sendir á stjórn SÍBS.

Stjórn óskar að SÍBS Eignaumsjón ehf leggi fram áætlun, í samstarfi við Reykjalund, um framkvæmdir við húsnæði Reykjalundar árið 2025.

5. Önnur mál.

- AH segir frá að hún hefur verið skipuð í Endurhæfingarráð fyrir hönd embætti landlæknis.

Fundi slitið kl 9:50

Næsti fundur stjórnar: 11.nóvember, kl 15:00-16:00 á Teams.

*Guðrún Björg Sigurbjörnsdóttir
Aldís Stefánsdóttir
Arna Harðardóttir
Pétur Magnússon* *Brunnur Þorvaldsson* *Gunnar Ármannsson*